

Nd.

414. Nefndarálit

[158. mál]

um frv. til l. um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur tekið mál þetta fyrir á fundum sínum, þar sem málið var lesið á fyrri fundi, þar sem 4 nefndarmanna voru samankomnir, en afgreitt af þrem meirihlutamönnum á síðari fundi án þess að það væri skoðað rækilega eða sent til umsagnar, enda fundartími ekki lengri en 5 mínútur með löglegum fjölda fundarmanna (4).

Ekki var sýnilegt af nefndaráliti hv. Ed. að málið hefði hlotið þar annars konar meðferð, því ekki var þar umsögnum eða öðrum útskýrandi gögnum fyrir að fara.

Kannske er ekki ástæða til að andæfa slíkri fljótaskrift, því að málið er ekki upp á meira en sem svarar eitt þúsund milljónum króna.

Minni hluti nefndarinnar hefur hins vegar óskað eftir ákveðnum upplýsingum en ekki hlotið svör við spurningum sínum.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við þá upphæð, sem innheimta skal af heildarsöluverðmæti afla gegnum viðskiptabanka útgerðar.

Minni hl. gerir athugasemd við hvert viðskiptabönkum er ætlað að skila þessu innheimta fé, og auk þess gerir minni hl. athugasemd við það ákvæði 3. gr. frv. þar sem sagt er að heimilt sé (en ekki skylt) að endurgreiða ofgreidd gjöld, þegar gjaldskyldu hefur verið fullnægt.

Minni hl. mun flytja brtt. á sérstöku þingskjali, sem af má sjá nánar í hverja átt athugasemdirnar beinast.

Að lokum vill minni hl. nefndarinnar vekja athygli þeirra þingmanna, sem nefndarálitið kunna að lesa, á því sem m.a. kemur fram í aths. við þetta frv. Þar segir:

Áætlað aflaverðmæti árið 1976 er 20 milljarðar. Á sama tíma eru áætluð váttryggingaiðgjöld fiskiskipa 1 800 milljónir, eða um 9% af afla.

Hver maður sér, að það hlýtur að vera óskikkanlegt að gjalda næstum tíund í tryggingar. Hér þarf að leita sparnaðarleiða og fara þær síðan.

Alþingi, 15. mars 1976.

Garðar Sigurðsson.